

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 190/2020**

**frá 11. desember 2020**

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1667 frá 10. nóvember 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 2020/977 að því er varðar gildistíma tímabundinna ráðstafana í tengslum við eftirlit með framleiðslu lífrænt ræktaðra vara <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi er bætt við lið 54bc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/977) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32020 R 1667**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1667 frá 10. nóvember 2020 (Stjtíð. ESB L 377, 11.11.2020, bls. 5).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2020/1667, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 377, 11.11.2020, bls. 5.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2020.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*

***Sabine Monauni***

*formaður.*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.